

Sp.

380. Beiðni um skýrslu

frá félagsmálaráðherra um framkvæmd laga um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976.

Frá: Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Ingvari Gíslasyni,
Jóhönnu Sigurðardóttur, Kolbrúnu Jónsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur,
Kristjönu Millu Thorsteinsson, Salome Þorkelsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að félagsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd laga um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976. Sérstaklega skal gera grein fyrir framkvæmd 2. gr. laganna sem felur í sér að konum og körlum séu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Í skýrslunni komi m. a. fram:

1. Hvernig ríkisvaldið hefur framfylgt þessari grein laganna varðandi opinbera starfsmenn með tilliti til:
 - mats á sambærilegum störfum kynjanna,
 - flokkaröðunar,
 - starfsaldurshækkana,
 - stöðutilfærslna,
 - bílastyrkja,
 - ómældrar yfirvinnu,
 - annarra greiðslna sem ekki koma fram í launatöxtum.
2. Hvað ríkisvaldið hefur gert til að sjá til þess að 2. gr. laganna sé ekki brotin á almenna vinnumarkaðinum, með hliðsjón af þeim efnisatriðum sem upp eru talin í 1. lið.
Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 22. febr. 1984.

Guðrún Agnarsdóttir.	Guðrún Helgadóttir.	Ingvar Gíslason.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Kolbrún Jónsdóttir.	Kristín Halldórsdóttir.
Kristjana Milla Thorsteinsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis.

Greinargerð.

Á undanförunum mánuðum hafa orðið miklar umræður í þjóðfélaginu um stöðuna í launamálum kvenna, einkum með hliðsjón af launajafnrétti kynjanna. Í því sambandi má benda á að víðtæk samstaða hefur tekist með konum í stéttarfélögum, heildarsamtökum launafólks, svo og stjórnmalaflokkum og kvennasamtökum, um að leita leiða til úrbóta.

Það sem einkum hefur verið staðnæmst við er niðurstaða þeirra kannana sem gerðar hafa verið á undanförunum mánuðum og árum, og nú síðast niðurstaða framkvæmdanefndar um launamál kvenna, sem unnið hefur að samantekt um stöðuna í launamálum kvenna, og kannanir sem gerðar hafa verið af ýmsum aðilum í þjóðfélaginu.

Þeir þingmenn, sem að beiðni þessari standa, hafa einnig rætt þessa stöðu á nokkrum fundum og telja hana með öllu óviðunandi og brýna nauðsyn bera til að félagsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd laganna um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976. Raunhæfra leiða til úrbóta verður að leita nú þegar.

Á undanförunum tveim áratugum hefur Alþingi reynt að stuðla að því með setningu löggjafar um launajöfnuð kynjanna að þessi mannréttindi, sem launajafnrétti kynjanna er, væri virt í samfélaginu. Í því sambandi má benda á lög um launajöfnuð kvenna og karla frá 1961, lög um jafnlaunaráð frá 1973, fullgildingu á alþjóðasamþykkt um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf, lög um jafnrétti kvenna og karla frá 1976 og nú síðast samþykkt þingsályktunartillögu í apríl 1980 um úttekt á tekjuskiptingu og launakjörum.

Þrátt fyrir þessa lagasetningu og samþykktir gefa allar kannanir ótvíræða vísbendingu um að langt sé í land að launajafnrétti kynjanna sé virt í reynd.

Hlutverk Alþingis á ekki einungis að vera löggjafarstarf, — heldur einnig að fylgjast með framkvæmd laga og að lögum sé framfylgt í þjóðfélaginu.

Þegar svo er komið að lög um launajafnrétti kynjanna eru þverbrotin í þjóðfélaginu og a. m. k. 23 ár eru liðin síðan Alþingi kvað upp úr um að fullum launajöfnuði kynjanna skyldi náð á árinu 1967, þá ber Alþingi skylda til að grípa í taumana, endurmeta stöðuna og

leita raunhæfra leiða til að fá þessi lög virt í samfélaginu. Hér eru ekki einungis í húfi mannréttindi kvenna í samfélaginu, heldur virðing Alþingis sem ekki getur setið hlutlaust hjá þegar lög og aðrar samþykktir, sem Alþingi hefur gert í þessum málum, hafa verið brotin í áratugi.

Þeir þingmenn, sem að beiðni þessari standa um skýrslu frá félagsmálaráðherra um framkvæmd laga um jafnrétti kvenna og karla, telja að þessi mál þurfi að kryfja til mergjar. Fyrsta skrefið er að félagsmálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um framvindu þessara mála á undanförunum árum, — og í því tilefni er beiðni um skýrslu þessa borin fram.